

Skólaráðsfundur

| | | | |
|-----------------------------|--|--|-----------------|
| FUNDARGERÐ | Tílefní fundar Sjöundi fundur skólaráðs | | |
| Dags. fundar 11.06. 2014 | Tími 8:15-9:20 | Staður Skrifstofa skólustjóra, Hjalla | Nr. fundar 7 |
| Fundarboðandi Sigrún B. | Fundarritari Sigrún Guðm. | Fundarstjóri Sigrún Bjarnadóttir | Fj. bls. 1 |

| |
|--|
| Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Ása Sæunn, Hólmfríður Einarsdóttir og Ragnar Gíslason. |
| Mættir voru: Allir boðaðir |
| Málefni fundar: <ol style="list-style-type: none"> 1. Skipulag funda á næsta skólaári og áherslur 2. Starfsmannamál 3. Önnur mál |

| Málefni | Niðurstaða |
|---|--|
| 1. Fundir á næsta skólaári og skipulag. | <p>Sigrún fór yfir skipulag funda skólaráðs á næsta skólaári. Fundað verður oftast fyrir hluta árs þar sem farið verður yfir skýrslur sem ekki náðist að fara yfir núna. Ársskýrsla, mat á skólastarfi og starfsáætlun.</p> <p>Einn nýr fulltrúi nemenda úr 9. bekk kemur inn næst og nýr fulltrúi kennara en annars verður skólaráð óbreytt.</p> <p>Áherslur skólastarfs 2014-2015</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heilsueflandi skóli • Grænfáni • Námskrárvinna <p>Nemendur í 1. bekk verða tekin inn sem einn hópur. Dægradvöl opnar 11. ágúst, breytingar á unglingastigi þar sem nemendur í 9. og 10. bekk velja svið.</p> |
| 2. Starfsmannamál | <p>Breytingar á starfslíði skólans.</p> <p>Þórlaug og Ólafía fara í leyfi. Hreiðar sagði upp. Halldóra fer í nám, Kolbrún fer í barneignarleyfi og Sólveig hættir vegna aldurs. Hrund kemur aftur úr leyfi.</p> |
| 3 Önnur mál. | <p>Nýr forstöðumaður Dægradvalar verður ráðinn þegar búið er að fara yfir umsóknir. 1-2 nýir starfsmenn verða ráðnir.</p> <p>Fyrirspurnir:</p> <p>Skólalóðin, engin svör hafa fengist um frekari framkvæmdir á henni svo það verður ekki byrjað í sumar.</p> <p>Er skólasókn betri í unglingastigi þar sem þau byrja seinna á morgnanna? Talið að hún sé svipuð en nemendur eru ánægðir með breytinguna. Foreldrakönnun verður gerð í haust þar sem afstaða þeirra verður könnuð.</p> <p>Breyting á skólaboðun verða börnin látin skrifa undir samning? Nú verður skólasetning og svo fara nemendur í stofur til umsjónarkennara. Athugað verður hvort skólasamningur verður settur inn í Mentor.</p> <p>Heilsueflandi skóli spurt um hvort breytingar verði á matseðli? Þetta er í þróun erum rétt farin af stað og matseðill er í sífelldri endurskoðun.</p> |

Álfhólsskóli

| | |
|--|---|
| | <p>Spurt hvort búið sé að kynna fyrir nemendum og foreldrum barna sem eru að fara í 8. bekk að tímarnir verði 60 mínútur? Þarf að skoða hvort það hafi verið gert.</p> <p>Nemendapening var haldið þar sem nemendur komu með tillögur til úrbóta og gafst þetta mjög vel.</p> <p>Gleðilegt sumar.</p> |
|--|---|